



FAGHÁSKÓLANÁM Í LEIKSKÓLAFRÆÐI

Fréttir í apríl 2024

Á liðnu hausti hófu um fimmtíu nemendur nám á nýrri námsleið í leikskólafræði á fagháskólastigi. Námsleiðin er samstarfsverkefni kennaradeilda við HÍ og HA en nemendur starfa á leikskólum víða um land. Nemendur og kennarar hittust í tveggja daga staðlotu á Akureyri í liðinni viku í námskeiðunum Hreyfing og leikræn tjáning – úti og inni og Leikur, kenningar og leikþroski svo það var líf í tuskunum eins og nærri má geta. Á sama tíma kom verkefnisstjórn fagháskólanámsins saman til að meta stöðuna og leggja drög að næsta skólaári.

Nýr nemendahópur tekinn í haust

„Veglegur styrkur frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu gerir okkur kleift að bjóða nýjum hópi inngöngu og við erum að hefja kynningar til sveitarfélaga. Samstarfið við þau er mikilvægt og forsenda inngöngu nemenda í námið. Við skipuleggjum 60 eininga eða eins árs nám á tveimur veturnum, kennum hálfan dag vikulega á vinnutíma, á netinu, en hittum svo allan hópinn tvo daga á hverju misseri“ segir Kristín Jónsdóttir, dósent við Deild kennslu og menntunarfræði við HÍ og stjórnandi verkefnisins.

„Það var frábært að hitta nemendahópinn. Við sjáum að kennslufyrirkomulagið er fínt og árangurinn góður svo við höldum ótrauð áfram“ segir Kristín.

Heilt ár í leikskólakennaranámi

„Það er eftir heilmiklu að slægjast. Að loknu fagháskólanámi geta nemendur fengið það að fullu metið inn í leikskólakennaranám hvort heldur er við Menntavísindasvið HÍ eða Kennaradeild HA. Námið hefur líka mikið gildi í sjálfu sér. Fólk eflist verulega í daglegu starfi þegar nám og starf fléttast vel saman og það er ávinningur fyrir leikskólana þar sem nemendur starfa“ segir Kristín.

Nánari upplýsingar á vefsvæðum háskólanna:

[Fagháskólanám í leikskólafræði - Grunndiplóma \(60e\) HÍ](#)

[Fagháskólanám í leikskólafræði - Grunndiplóma \(60e\) HA](#)

